

Föstudaginn 4. mars 1988.

Nr. 174/1986. **Verkfræðistofa Suðurlands hf.**

(Jón Þorsteinsson hrl.)

og Sigurður Guðmundsson

(Jón Magnússon hdl.)

og bæjarsjóður Mosfellsbæjar

(Þórunn Guðmundsdóttir hdl.)

gegn

Hjörvari Óla Björgvinssyni

(Kjartan Ragnars hrl.)

Skadabætur. Ábyrgð á mannvirkjagerð. Byggingarfulltrúi. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi, Verkfræðistofa Suðurlands hf., skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1986. Dómkröfur hans eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst hann þess, að honum verði einungis gert að greiða gagnáfrýjanda 214.000,00 krónur auk vaxta og málskostnaðar.

Aðaláfrýjandinn, Sigurður Guðmundsson, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 27. júní s.á. Dómkröfur hans eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Aðaláfrýjandinn, bæjarsjóður Mosfellsbæjar, skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 21. s.m. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 7. nóvember s.á. Dómkröfur hans eru þær, að aðaláfrýjendum verði in solidum gert að greiða honum 1.070.000,00 krónur með dómvöxtum frá 17. desember 1985 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómi hefir ekki verið áfrýjað gagnvart stefnda í héraði, Sigmundi P. Lárussyni múrarmeistara. Kemur hans þáttur því eigi til álita fyrir Hæstarétti.

I.

Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti lýsti lögmaður gagnáfrýjanda yfir því að hann reisti kröfur um bætur vegna skekkju á húsinu að Grundartanga 19 á því, að hún stafaði að mismunasigi á gólfplötu þess, sbr. yfirmatsgerð frá 17. desember 1985, en ekki vegna skakkrar vegglagju.

II.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi festi gagnáfrýjandi kaup á einingahúsi hjá aðaláfrýjanda, Sigurði Guðmundssyni, með verk-samningi, dags. 29. mars 1980. Með í kaupum þessum fylgdu óstað-færðar teikningar gerðar á vegum seljanda. Þar á meðal var teikning af grunni einingahúss, sem aðaláfrýjandi, Verkfræðistofa Suðurlands hf., hafi gert.

Í 1. gr. nefnds verksamnings segir m.a.: „Verkkaupi kostar grunn undir húsið...“

Samkvæmt þessu ákvæði sáu gagnáfrýjandi og menn á hans vegum um gerð grunnsins. Aðaláfrýjandi, Sigurður Guðmundsson, verður því eigi gerður ábyrgur fyrir þeim mistökum, er urðu við þá framkvæmd, sem var honum óviðkomandi. Þessi aðaláfrýjandi hlaut að mega treysta því, að gagnáfrýjandi sæi um að staðfæra „týputeikninguna“ og yrði sér úti um nauðsynlega sérfræðiþjónustu til þess að reisa mætti húsið á traustum grundvelli.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið rakið verður þessi aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en rétt þykir að málskostnaður falli niður þeirra í milli, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

III.

Að ráði byggingarfulltrúa Mosfellshrepps fór gagnáfrýjandi þess á leit við aðaláfrýjandann, Verkfræðistofu Suðurlands hf., að stofan teiknaði burðarbita (sökkulbita) til viðbótar við „týputeikninguna“. Þetta mun hafa verið eftir að uppgröftur, jarðvegsskipti og þjöppun hafði farið fram í grunninum. Gagnáfrýjandi óskaði hins vegar hvorki eftir verkfræðilegri ráðgjöf né eftirliti verkfræðistofunnar varðandi gerð á grunni undir húsið. Og þar sem ekki var nauðsyn að fara á vettvang til að teikna nefndan sökkulbita, ber einnig að sýkna aðaláfrýjandann, Verkfræðistofu Suðurlands hf., af kröfum gagnáfrýjanda. Rétt þykir að málskostnaður falli niður þeirra í milli bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

IV.

Í máli þessu er á það að líta að ákvæði byggingasamþykktu um eftirlit byggingarnefnda með því að fylgt sé fyrirmælum í löggjöf um styrkleika og burðarþol húsa við byggingu þeirra eru sett vegna almannahagsmuna og til að efla almennt öryggi. Samkvæmt grein 4.4. í byggingarreglugerð nr. 292/1979 bera iðnmeistarar ábyrgð á grunngrefti mannvirkja, fyllingu í grunn og þjöppun hennar og öðrum framkvæmdum eins og nánar segir í grein 4.4.2. í reglugerðinni. Ekki verður talið, að byggingarfulltrúa hafi samkvæmt grein 7.1.3. í byggingarreglugerð verið skylt, að viðlagðri fébótaábyrgð bæjarsjóðs, að krefjast sérstakrar prófunar á fyllingunni. Þá er ósannað að byggingarnefnd hafi ákveðið byggingarfulltrúanum víðtækara verkvið en sagt er fyrir um í byggingarreglugerðinni grein 2.5. og ekki er leitt í ljós að hann hafi í því starfi sínu bakað aðaláfrýjanda, Mosfellsbæ, skaðabótaskyldu með athöfnum sínum eða athafnaleysi.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna bæjarsjóð Mosfellsbæjar, en málskostnaður milli hans og gagnáfrýjanda falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Verkfræðistofa Suðurlands hf., Sigurður Guðmundsson og bæjarsjóður Mosfellsbæjar, eiga að vera

sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Hjörvars Óla Björgvinssonar, í máli þessu. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og
Guðmundar Jónssonar.

Í héraðsdómi kemur fram að óforsvaranlegt hafi verið miðað við aðstæður að hafa grunn undir húsi gagnáfrýjanda með þeim hætti sem gert var og að til þess megi rekja orsök skemmda þeirra sem urðu á húsinu. Hefur þessu ekki verið hnekkt.

Gagnáfrýjandi hafði ráðið sér múrarameistara og trésmíðameistara til að standa fyrir framkvæmdum við húsið í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 292/1979, gr. 4.1. Samkvæmt gr. 4.4.2. ber múrarameistari meðal annars ábyrgð á grunnrefti, fyllingu í og við grunn og þjöppun hennar.

Gagnáfrýjandi tók að sér að standa sjálfur fyrir grunnrefti og fyllingu, án þess að kveðja til múrarameistara hússins. Með dómi héraðsdóms var múrarameistarinn sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda sem unír þeirri niðurstöðu. Ekki hefur komið fram að húsa-smíðameistari hússins hafi tekið á sig ábyrgð á grefti grunnsins, fyllingu í hann og þjöppun svo sem heimild var til skv. gr. 4.4.1. Ber með vísan til þessa að fallast á að gagnáfrýjandi verði sjálfur að bera hluta af tjóni sínu.

Ekki er fram komið að gagnáfrýjandi hafi leitað ráða hjá aðaláfrýjendunum Sigurði og Verkfræðistofu Suðurlands hf. við gerð grunnsins. Þykir í því sambandi ekki skipta máli þótt verkfræðistofan teiknaði burðarbita undir húsið svo sem byggingafulltrúinn hafði krafist að gert yrði. Er ekki byggt á því af hálfu gagnáfrýjanda að við það verk hafi starfsmönnum verkfræðistofunnar orðið á mistök. Er ósannað að þessir aðilar eigi sök á því hvernig til tókst við gerð grunnsins. Verða þeir því sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda.

Telja verður fram komið svo sem rakið er í héraðsdómi að afskipti byggingafulltrúans hafi verið meiri en venjulegt eftirlit og veiting leyfa til smíði hússins. Er ósannað að sveitarstjórn Mosfellsbæjar hafi falið byggingafulltrúanum að inna starf sitt af hendi með

þeim hætti, að undir það féllu almennar leiðbeiningar á starfssviði iðnmeistara, sem tekið höfðu að sér að annast framkvæmdir við húsið. Voru slíkar leiðbeiningar því utan starfssviðs byggingafulltrúans og verður ábyrgð á mistökum á því sviði ekki felld á sveitarstjórnina. Hins vegar er ljóst að byggingafulltrúinn, sem fylgst hafði með gerð grunnsins og hlaut að gera sér grein fyrir ótryggu ástandi jarðvegs, lét farast fyrir að krefjast þess af gagnjáfrýjanda að sýnt væri fram á að fylling undir sökkla þylði nauðsynlegt álag, sbr. gr. 7.1.3. í byggingarreglugerðinni. Þykir sveitarstjórn Mosfellsbæjar verða að bera ábyrgð á þeim mistökum.

Eftir öllum atvikum þykir gagnjáfrýjandi eiga að bera helming tjóns síns sjálfur en sveitarstjórn Mosfellsbæjar bæti honum helming tjónsins.

Fjárhæð dómkröfu gagnjáfrýjanda hefur ekki sætt tölulegum mótmælum. Teljum við því að dæma beri aðaláfrýjanda sveitarstjórn Mosfellsbæjar til að greiða gagnjáfrýjanda 535.000,00 krónur ásamt vöxtum og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en eftir atvikum eigi málskostnaður gagnvart öðrum aðilum að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. mars 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. febrúar sl., hefur Hjörvar Óli Björgvinsson, nnr. 4236-0244, verkstjóri, Grundartanga 19, Mosfellssveit, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 17. maí 1984, 18. maí 1984, 21. maí 1984 og 25. maí 1984 á hendur Sigmundi P. Lárussyni, nnr. 7574-3769, múrarameistara, Langagerði 86, Reykjavík, Sigurði Guðmundssyni, nnr. 7860-4190, húsasmið, Smáratúni 15, Selfossi, Páli Guðjónssyni, nnr. 7006-6742, sveitarstjóra, Byggðarholti 5, Mosfellssveit, f.h. sveitarsjóðs Mosfellshrepps og Skúla Skúlasyni, nnr. 8183-5764, verkfræðingi, Sólbraut 14, Seltjarnarnesi, stjórnarformanni Verkfræðistofu Suðurlands hf. f.h. félagsins.

Dómkröfur stefnanda koma fram á dskj. 40 og eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 1.070.000,00 með dómvöxtum frá 17.12. 1985 til greiðsludags, auk málskostnaðar in solidum að skaðlausu.

Sótt er þing af hálfu stefnda Sigmundar P. Lárussonar og þær dómkröfur gerðar að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sótt er þing af hálfu stefnda Sigurðar Guðmundssonar og þær kröfur gerðar að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi skv. gjaldskrá LMFÍ. Til vara er þess krafist

að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá felldur niður.

Af hálfu sveitarsjóðs Mosfellshrepps er sótt þing og þær dómkröfur gerðar að sveitarsjóðurinn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Af hálfu Verkfræðistofu Suðurlands hf. er sótt þing og þær kröfur gerðar að verkfræðistofan verði sýknuð af kröfum stefnanda í málinu og henni dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara er krafist stórfelldrar lækkunar stefnufjárhæðarinnar að mati dómsins og að málskostnaður verði felldur niður. Þá er því sérstaklega andmælt að verkfræðistofan verði gerð ábyrg fyrir mistökum annarra byggingaaðila.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Málavextir eru þeir að með verksamningi dags. 29.3. 1980 keypti stefnandi íbúðarhús úr tímbrí af stefnda Sigurði Guðmundssyni, svonefnd SG einingahús.

Samkvæmt verksamningi skyldi verkkaupi kosta grunn undir húsið en verksali afhenda húsið uppsett þann 30.5. 1980. Um efni samkomulagsins að öðru leyti má vísa til framlagðs verksamnings á dskj. nr. 3.

Grunnur undir húsið var tekinn og frá honum gengið vorið 1980 og voru járnateikningar unnar af Verkfræðistofu Suðurlands hf. Múrarmeistari að grunninum var stefndi Sigmundur P. Lárússon og var verkið unnið undir eftirliti byggingafulltrúa Mosfellshrepps. Einingahúsinu var komið fyrir á lóð stefnanda að Grundartanga 19, Mosfellshreppi og var það fohelt þann 30.5. 1980, sbr. dskj. nr. 14.

Stefnandi heldur því fram að fljótlega eftir að hann fékk húseignina afhenta hafi farið að koma í ljós missmiðar á eigninni, m.a. söðulbökun á þaki, og hafi hann kvartað undan þeim við verksalann, Sigurð Guðmundsson. Einhverjar lagfæringar hafi verið reyndar af hálfu verksala, en þar eð samkomulag hafi ekki náðst milli verkkaupa og verksala um fullar úrbætur að mati verkkaupa hafi hann með beiðni dags. 8.5. 1981 bedið Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að skoða eignina. Skýrslu Rannsóknastofnunarinnar er að finna á dskj. nr. 4. Í skýrslunni kemur m.a. fram, að hús stefnanda sé áberandi söðulbakað og einnig sé skekkja í grind hússins. Markmið skoðunarmanna var að meta hvort húsið hefði sigið eftir að það var reist, eða hvort um upprunalega hæðarskekkju í grunni væri að ræða. Meginniðurstöður skoðunarmanna voru þær að neðri veggleggja væri langt frá því að vera lárétt og hefði hún sennilega verið rangt sett í upphafi. Gólf væru ójöfn og engan veginn lárétt. Engin merki sigs væru þó sjáanleg. Þá virtist skoðunarmönnum að húsið fylgdi veggleggjunni.

Með matsbeiðni dags. 16.2. 1982, sbr. dskj. nr. 6, fór stefnandi fram á dómkvaðningu matsmanna til að meta meinta galla á húseign sinni.

Matsgerð er dags. 24.11. 1982, sbr. dskj. nr. 7, og ódagsetta viðbótar-skýrslu er að finna á dskj. nr. 8. Matsgerðin staðfestir að verulegir gallar eru á húseigninni. Höfuðgallar telja matsmenn að gólf hússins séu fjarri því að vera lárétt. Ástæður þess rekja þeir til þriggja samverkandi meginþátta.

1. Að hönnun og skipulagning framkvæmda og opinbert eftirlit með þeim hafi ekki verið eins og vera skyldi. Þá hafi verkfræðileg hönnun burðarvirkja, einkum hvað varði gerð undirstöðu, verið slök og alls ekki fullnægjandi.

2. Þá hafi framkvæmd við gerð undirstöðu hússins ekki verið sem skyldi og þess m.a. ekki verið gætt að þjappa fyllingu undir undirstöðuveggi nægilega vel.

3. Þá sé uppsetning hússins illa framkvæmd og ekki hafi verið hirt um að gera nauðsynlegar ráðstafanir þar sem ljóst hafi verið að gólfplata hússins hafi verið mishæðótt.

6.-7. júní 1985 var málið tekið til aðalflutnings og var þá farið á vettvang og fyrir dóm komu aðilar málsins, Hjörvar Óli Björgvinsson, Sigmundur P. Lárusson, Sigurður Guðmundsson og Skúli Skúlason. Þá komu fyrir dóm vitnin Júlíus Sólnes matsmaður, Jón Sigurjónsson, starfsmaður Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Sigurður Hermannsson og Ómar Garðarsson, nágrennar stefnanda, Ingvi Rafn Sigurðsson og Bragi Sverrisson, starfsmenn Sigurðar Guðmundssonar, Magnús Ólafsson, fyrrum byggingafulltrúi Mosfellsahrepps, Ingólfur Hrólfsson og Sigurður Þórarinn Jakobsson, starfsmenn Verkfræðistofu Suðurlands hf., og Einar Pétursson, húsasmíðameistari að grunni hússins að Grundartanga 19, Mosfellsahreppi.

Að gefnu tilefni af þessum framburðum, sérstaklega framburði matsmannsins Júlíusar Sólnes, þótti ekki annað fært en að endurupptaka málið eftir að til munnlegs flutnings var komið og gefa stefnanda kost á að afla yfirmats. Bygðist þetta á því að dómarrar töldu að fá mætti skýrari gögn um hvort og hvenær húsið hefði sigið og hvort búast mætti við frekara sigi hússins.

Til að framkvæma yfirmatið voru dómkvaddir Ragnar Ingimarsson prófessor, Gunnar I. Birgisson verkfræðingur og Sæbjörn Kristjánsson tæknifræðingur.

Matsgerð þeirra, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, er dags. 17. desember 1985. Matsmenn vísa þar fyrst til undirmatsbeiðni frá 16. febrúar 1982 um verkefni sitt. Þar segir:

„A. að sannreyna hvaða ágallar eru á húsinu nr. 19 við Grundartanga í Mosfells sveit, miðað við það sem tilheyrir góðum vinnufrágangi og teikningum og hverju sé um að kenna.

B. að meta til fjár þær lagfæringar sem nauðsynlegar eru til að koma húsinu í lag. Göllum hússins lýsir eigandi svo:

1. Þak á húsi söðulbakað.
2. Gólf misjafnlega hátt í öllu húsinu.
3. Útidyr skakkar, svo og þvottahúsdyr.
4. Skyggni yfir verönd hallar.
5. Gluggi á gafli í svefnálmu lekur.
6. Titringur í vegg í eldhúsi það mikill að eldhúsinnrétting fer frá ef hvasst er.
7. Eldhúsinnrétting illa sett upp.
8. Veggur í svefnherbergi ekki hornréttur.
9. Vesturveggur í stofu illa klæddur.
10. Gat á vegg í forstofuherbergi.
11. Misjafnlega háar sperrur í stofu.
12. Gluggar á norðurhlið ekki í láréttri línu.
13. Fordyri skakkt.
14. Rennur á þaki að sunnanverðu ekki réttar.
15. Hol og bað um 10 cm minni en ætti að vera.“

Eftir að hafa skoðað húsið ásamt aðilum svara matsmenn þessum matsliðum á eftirfarandi hátt:

- „1. Þak hússins er greinilega söðulbakað.
2. Frá því að undirmat fór fram hefur verið lagt í gólf stofu, eldhúss, þvottahúss og hols til að gera þau lárétt. Annars staðar t.d. í anddyri mátti greinilega sjá að gólfplata hafði hallast.
3. Aðaldyr eru örlítið skakkar í karmi en þvottahúsdyr eru verulega hornskakkar.
4. Greinilegt er hvernig þakbrún (og renna) hallast inn í kverk við garðhurð, bæði frá austri og suðri.
5. Ekki var unnt að sjá leka í þessum glugga. Hjörvar kvað margsinnis búið að lagfæra gluggann. Hann taldi þetta atriði ekki skipta miklu máli.
- 6.-7. Ekki var unnt að staðreyna titring á eldhúsvegg, en nokkurt bil er milli eldhússborðs og útvegs. Bent var á meintan slælegan frágang eldhúsinnréttingar einkum það að eldhúsinnrétting hallast niður á við frá útvegg.
8. Bent var á meinta hornskekkju í svefnherbergi. Mælist síðar.
9. Bent var á misfellur í plötuklæðningu vesturvegs stofu.
10. Bent var á gat í forstofu, en matsbeiðandi taldi þetta atriði lítilfjörlegt.
11. Bent var á að þaksperrur í stofu væru misháar. Mælist síðar.
12. Sjá mátti að gluggar á norðurhlið eru misháir.

13. Bent var á að fordyri væri skakkt. Þessi liður er í reynd um sama efni og liður 15.

14. Sjá lið 4.

15. Svo virðist sem skekkja í uppslætti sökkla um 10 cm hafi leitt til minnkunar baðs og hols sem þessu nemur.“

Matsmenn gerðu síðan umtalsverðar mælingar á vettvangi til að varpa ljósi á það hvernig núverandi missmíði hússins hefði orðið. Létu þeir grafa niður með sökklum á þremur stöðum til að kanna dýpt þeirra og tóku sýnis-horn af fyllingarefni því sem notað var og könnuðu kornadreifingu þess. Síðan lýsa þeir mæliniðurstöðum, m.a. hafi sökkull reynst 90 cm í stað 135 cm samkvæmt teikningu.

Að mæliniðustöðum athuguðum eru ályktanir matsmanna þessar:

„Matsmenn ganga út frá því, að þeir sem að byggingu hússins störfuðu hafi hver um sig unnið sitt starf af einlægni.

Með hliðsjón af því að mismunasig hefur orðið frá þeim tíma er mælingar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins fóru fram, er niðurstaða matsmanna að húsið hljóti einnig að hafa sigið fyrir þann tíma.

Hafi gólfplata verið lögð út lárétt má þykja víst að eitthvert mismunasig hafi átt sér stað áður en reisning hófst. Líklegt er að eitthvað hafi verið reynt að lagfæra mishæð eininga með fleygun.

Er reisningu var lokið, en áður en innveggir voru settir upp og klæddir (sérstaklega veggur milli stofu og eldhúss), þykir ljóst að mismunasig milli punkta 2 og 5 hafi a.m.k. verið orðið 6 cm. Telja matsmenn að plötuklæðning veggisins beri þessa merki. Með hliðsjón af núverandi halla eldhússkápa, svo og halla fyrrnefndrar láréttar samskeytaraufar, verður að ætla að þetta mismunasig hafi þegar aukist um u.þ.b. 2 cm er Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gerði sína hallamælingu og síðan þá hefur það enn aukist um u.þ.b. 1 cm eins og vikið er að hér að framan og er þá orðið um 9 cm (milli punkta 2 og 5).“

Niðurstöður matsmanna verða síðan eftirfarandi:

„A. Matsmenn vísa til þess sem að framan er sagt um ágalla hússins. Við teljum frumorsök þessara ágalla liggja í gerð undirstöðu (tiltölulega djúpir og mjóir fylltir skurðir) og vali fyllingarefnis.

Við teljum alls óviðunandi að hafa fyllinguna svo mjóa sem lýst hefur verið, með hliðsjón af jarðveginum sem styður að henni. Jafnframt teljum við að óframkvæmanlegt hafi verið að þjappa umrætt fyllingarefni á fullnægjandi hátt undir jarðvatnsborði.

Matsmenn hafa kannað veðurfarsskýrslur frá þeim tíma er unnið var að gerð sökkla. Við teljum ekki að veðráttá (frost) hafi valdið vandræðum við grundun hússins.

Þá teljum við ekki að breyting á sökkuldýpt (90 cm í stað 135 cm) hafi haft nein umtalsverð áhrif á sig hússins.

Hversu mikill hæðarmismunur var kominn fram er veggeiningar og þak voru reist, verður ekki fullyrt, en með hliðsjón af mismunasigi frá árinu 1981 (sbr. punkta 6, 7 og 8, þar sem ekki hefur bæst við álag sbr. ílögn í stofuálmu), teljum við nær víst að einhver hæðarmismunur hafi þegar verið kominn fram. Hitt telja matsmenn fullljóst að verulegur hæðarmismunur var milli veggeininga við punkt 2 annarsvegar og punkt 5 hinsvegar, þá er frágangur fór fram innanhúss.

B. Matsmenn telja verulega hættu á að undirstaða umræddrar byggingar haldi áfram að síga. Bæði er að fyllingarefnið er að öllum líkindum illa þjappað neðst og kann að þjappast eitthvað saman vegna vatnsstöðubreytinga og titrings í framtíðinni og svo hitt að alls ekki er útilokað að efnið skriði eitthvað til hliðar í skurðunum, t.d. vegna útþornunar jarðvegsins í kring.

Af ofangreindum ástæðum teljum við nauðsynlegt að styrkja undirstöðuna. Við höfum gengið út frá því að staurum verði komið undir sökkla allt í kringum húsið. Við metum kostnað við þessa framkvæmd á kr. 670.000,00.

Matsmenn telja að sú skæling sem þegar er orðin á húsinu og kemur fram í hinum ýmsu atriðum sem upp eru talin á matsbeiðni verði ekki lagfærð nema að óverulegu leyti. Við teljum, að þessir gallar eins og þeir nú eru, rýri verðgildi eignarinnar um kr. 400.000,00.

Heildarupphæð þessa mats er samkvæmt ofanskráðu kr. 1.070.000,00.“

Punktur þeir sem til er vísað í matsgerð koma fram á teikningum sem fylgja matsgerðinni.

Stefnandi reisir kröfur sínar einkum á eftirfarandi ástæðum.

Hann telur að eins og málsatvik liggja fyrir verði að álíta stefndu bera óskipta fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á öllum göllum er fram hafa komið á húseign hans og lýst sé í matsbeiðni og matsgjörðum. Ástæður vanskýða séu að áliti matsmanna margþættar og samofnar. Stefnandi bendir einkum á eftirfarandi atriði:

Sig í plötu megi rekja til ófullnægjandi hönnunar, framkvæmda og eftirlits af hálfu starfsmanna Verkfræðistofu Suðurlands hf., er önnuðust hönnun burðarvirkja, Sigmundar P. Lárússonar múrarameistara er m.a. hafi borið ábyrgð á allri steinsteypu, járnalögn og fyllingu í og við grunn og þjöppun hennar, og byggingafulltrúa Mosfellshrepps er hafa átti eftirlit með gerð húsgrunnins, sökkla og plötu. Því er haldið fram að skekkja á vegg-lægju sé einkum á ábyrgð stefnda Sigmundar P. Lárússonar og að starfsmenn stefnda Sigurðar Guðmundssonar hafi gerst sekir um stórfellt

gáleysi með því að reisa húsið á þann hátt er þeir gerðu, á skakkri vegg-lægju.

Þá séu ýmsar aðrar missmíðar á húsinu er rekja megi til mistaka og gáleysis af hálfu starfsmanna Sigurðar Guðmundssonar.

Hin sameiginlega og samofna bótaábyrgð stefndu leiði til óskiptrar ábyrgðar af þeirra hálfu.

Stefnandi heldur því fram að bótaábyrgð stefndu gagnvart honum hvíli á viðurkenndum skaðabótareglum og sjónarmiðum. Sé þar um að ræða saknæmisregluna og reglur um ábyrgð vinnuveitenda á saknæmri háttsemi starfsmanna.

Stefnufjárhæð máls þessa byggir stefnandi á niðurstöðum yfirmatsmanna. Í málskostnaðarkröfu felur hann m.a. kröfu fyrir ritun matsbeiðni, mót vegna dómkvaðningar matsmanna, þóknun til rannsóknar- og matsmanna.

Stefndi Sigmundur P. Lárusson byggir sýknukröfu sína á því að fram komnir gallar á húsinu nr. 19 við Grundartanga í Mosfellssveit verði ekki raktir til þeirra verkþátta er hann tók að sér og innti af hendi fyrir stefnanda. Hann hafi annast múrverk á grunni hússins. Samkvæmt þeim skýrslum sem fyrir liggja um galla á húsinu, þ.e.a.s. frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og dómkvöddum matsmönnum, séu helstu ástæður fyrir göllum á húsinu að sig hafi orðið á undirstöðum vegna ófullnægjandi þjöppunar fyllingarefnis, auk nokkurra annarra atriða sem séu á ábyrgð húsasmíðameistara og séu stefnda Sigmundi algjörlega óviðkomandi. Enginn af þeim göllum sem raktir séu í þessum málgögnum verði raktir til þeirra verkþátta er stefndi Sigmundur innti af hendi. Þá mótmælir hann sérstaklega mati á verðyrnun hússins sem ósundurliðuðu. Þá telur stefndi Sigmundur fráleitt að stefna byggingaraðilunum in solidum til greiðslu framkominna galla þar sem hver um sig hafi innt af hendi ákveðna afmarkaða verkþætti. Verði sýknukrafa hans ekki tekin til greina krefst hann þess að til skuldajafnaðar fjárhæð sem þannig á hann félli komi kr. 53.000,00, sbr. dóm skj. 36, vegna vinnu og efnis sem hann hafi lagt fram til úrbóta meintum göllum.

Stefndi Sigurður Guðmundsson byggir sýknukröfu sína á því að framkomnir gallar á húsinu nr. 19 við Grundartanga verði ekki raktir til þeirra verkþátta er hann tók að sér og innti af hendi fyrir stefnanda. Hann hafi smíðað einingahús fyrir stefnanda og reist það á grunni sem hafi verið fullbúinn þegar hans verkþáttur hófst. Honum verði því ekki kennt um þau atriði er varða grunninn, frágang hans, þjöppun fyllingarefnis, vegglægju eða annars sem ekki tilheyri honum. Niðurstaða matsmanna sé sú að galla á húsinu að Grundartanga 19, Mosfellssveit, megi aðallega rekja til sigs á undirstöðum hússins. Ljóst sé að stefndi Sigurður beri enga ábyrgð á

þessum galla eða afleiðingum hans. Annað nefni undirmatsmenn einnig sem orsök gallanna, þ.e. að vegg-lægja sé ekki nægilega rétt. Þetta atriði sé einnig stefnda Sigurði óviðkomandi. Þá nefni undirmatsmenn að á hafi skort um hönnun hússins og teikningar. Þetta atriði sé stefnda Sigurði einnig óviðkomandi. Af hálfu stefnda Sigurðar hefur hins vegar verið vitnað til dómskj. 12 um að hann viðurkenni ábyrgð á matsliðum 5, 6, 7 og 8 enda hafi hann margsinnis boðist til að lagfæra þá. Þá tekur stefndi Sigurður undir mótmæli stefnda Sigmundar varðandi mat á verðryrnun hússins.

Stefndi sveitarsjóður Mosfellshrepps byggir sýknukröfur sínar á því að starfsmaður sjóðsins hafi á engan hátt vanrækt skyldu sína skv. byggingalögum og byggingareglugerð, enda hafi stefnandi ekki sýnt fram á það í framlögðum gögnum, en á honum hvíli ótvírætt sönnunarbyrði um þetta atriði. Í þessu sambandi er bent á skyldur byggingafulltrúa skv. byggingalögum nr. 54/1978 og byggingareglugerð nr. 292/1979, gr. 2,5 og gr. 4,4.

Af hálfu stefnda Verkfræðistofu Suðurlands hf. er það tekið fram að húsið sem stefnandi byggði að Grundartanga 19, Mosfellssveit, hafi verið fjöldaframleiðsluhús. Húsgerð þessari hafi fylgt teikning að grunni (fjöldaframleiðslu- eða týputeikning) sem gerð hafi verið af stefndu Verkfræðistofu Suðurlands hf. fyrir framleiðandann. Þessi teikning dugi við venjulegar aðstæður, enda hafi hún verið notuð í tugum tilfella með góðum árangri. Það eina sem Verkfræðistofa Suðurlands hf. hafi gert að beiðni stefnanda og hafi fengið greitt beint frá honum hafi verið skólplagnateikningar og sökkulbitateikning, en síðargreinda teikningin hafi verið samin að ósk byggingafulltrúa er hafi viljað heimila stefnanda að losna við gróft og þjöppun undir innveggjasökkla. Á hinn bóginn hafi Verkfræðistofa Suðurlands hf. hvorki annast ráðgjöf né eftirlit á byggingarstað. Af hálfu Verkfræðistofu Suðurlands er því mótmælt að gallarnir sem fram hafa komið á húsinu verði raktir til teikninga þeirra. Það er tekið fram að þeim verði ekki kennt um slæga þjöppun, en þessa þjöppun hafi stefnandi sjálfur annast. Tekið er fram að á byggingatíma hússins hafi ekki tíðkast að setja fram á teikningum fræðilegar tölur um þjöppun. Byggingameistarar eigi að vita hvaða kröfur þurfi að gera til þjöppunar eftir aðstæðum á byggingastað, en í þessu tilviki hafi verið óvenju djúpt niður á fastan grunn. Þá er því sérstaklega mótmælt að þykkt gólfplötu hafi ekki verið eðlileg. Því er ennfremur haldið fram, að það sé fyrst og fremst verkframkvæmdin sem bregðist þegar húsið er byggt, og að dugandi fagmenn hafi auðveldlega getað lagt traustan grunn undir húsið skv. þeim teikningum sem Verkfræðistofa Suðurlands gerði. Af hálfu stofunnar er því mótmælt að verkfræðistofan beri ábyrgð á framlagi annarra byggingaraðila eða mistökum þeirra. Þá er því haldið fram að bótakrafa sé fyrnd sökum þess hversu

langt sé um liðið frá því að teikningar voru afhentar og ennfremur haldið fram að stefnandi hafi ekki skýrt stefnda frá því í tæka tíð að hann teldi teikningunum áfátt, sbr. 54. gr. laga nr. 39/1922.

Af hálfu stefnda Verkfræðistofu Suðurlands hf. er gerð varakrafa um stórfellda lækkun stefnufjárhæðar. Er því haldið fram að stefnandi eigi sjálfur nokkra sök á því hvernig fór og verði hann því að taka á sig hluta tjónsins. Jafnframt er því haldið fram að Verkfræðistofa Suðurlands hf. beri eingöngu ábyrgð á þeim hluta heildartjónsins sem beinlínis verði rakin til meintra mistaka verkfræðistofunnar og talist geti sennileg afleiðing mistakanna. Þá er á það bent að framlag stofunnar til byggingarinnar hafi verið smávægileg miðað við byggingarkostnaðinn í heild.

Álit dómsins:

Sannað þykir með yfirmatsgjörð og með stoð í undirmatsgjörð að rekja megi ágalla hússins að Grundartanga 19 í Mosfellssveit til mismunasígs. Samkvæmt yfirmatsgjörð liggur frumorsök þessa ágalla í gerð undirstöðu og vali fyllingarefnis. Fram þykir komið að frágangur fyllingar undir sökkla hafi verið ófullnægjandi, skurðir of mjóir miðað við dýpt og fyllingarefni ábótavant miðað við aðstæður. Af þessu hafi m.a. leitt að óframkvæmanlegt varð að þjappa fyllingarefnið á fullnægjandi hátt undir jarðvatnsborði.

Upplýst er að Hjörvar Óli Björgvinsson fékk með samningnum við Sigurð Guðmundsson um smíði hússins „,typuteikningar“ af einingahúsi, þ. á m. voru verkfræðiteikningar gerðar af Verkfræðistofu Suðurlands hf. Teikningar þessar koma fram á dskj. 22. Á bls. 2 í þessu dómskjali er teiknað snið í undirstöðuveggi og gólfplötu. Þar eru gefnar upp tvær útfærslur á sökkulteikningum eftir undirlagi. Fram er komið að af þeim var valin með samþykki byggingafulltrúa Mosfellshepps lausn merkt 1. Þessi lausn gerir ráð fyrir að skurðir séu grafnir fyrir sökklum og þeir reistir á vel þjappaðri grús eða klöpp. Á teikningunni er ekki gefið upp hversu breiðir skurðir eigi að vera miðað við dýpt, og ekki eru þar gefnar nánar leiðbeiningar um val og þjöppun fyllingarefnis og engir fyrirvarar eru þar gerðir um aðstæður.

Magnús Ólafsson, þáverandi byggingafulltrúi Mosfellshepps, hefur sagst hafa samþykkt þessa útfærslu að ósk húsbýggjanda eftir að búið var að veita leyfi fyrir henni á næsta húsi. Sigurður Hermannsson, sá er reisti það hús, hefur upplýst að þessi aðferð hafði aldrei áður verið viðhöfð í Mosfellssveit en hann hafi vitað að henni hafði verið beitt á Selfossi í tuttuguþrjátíu ár áfallalaust. Stefnandi heldur því fram að Magnús byggingafulltrúi hafi lagt honum línurnar varðandi grunngröft, val fyllingarefnis og þjöppun. Stefnandi fékk sjálfur gröfu til að grafa fyrir húsinu og stóð

sjálfur fyrir þjöppuninni. Magnús Ólafsson segir í skýrslu sinni hér fyrir dómi, þegar honum er skýrt frá þessum framburði stefnanda, að hann hafi komið þarna nokkrum sinnum. Þarna hafi verið grafnar rásir fyrir undirstöðum. Þetta hafi verið framkvæmt þannig að nokkur kafli rásanna hafi verið grafinn í einu og síðan hafi grús verið fyllt í nokkurn veginn jafnóðum, því hefði verið beðið of lengi hefðu skurðirnir getað fallið saman. Hann kvaðst hafa brýnt fyrir þeim sem að þessu unnu að þjappa fyllingarefnið vel. Neðst í skurðinum hafi verið þjappað með gröfunni sjálfri þar sem ekki hafi verið þorandi vegna hættu á hruni að senda nokkurn þar niður. Þegar ofar dró í skurðina hafi verið þjappað með venjulegri sleðaþjöppu. Hann telur sennilegt að þetta hafi verið gert við efsta 1 - 1,5 metran. Hann segir að sem fyllingarefni hafi verið notuð þvegin ármöl úr eyrum Leirvogsár. Þetta sé mjög gott fyllingarefni sem taki vel þjöppun. Hann segir að það hafi verið skilyrði af sinni hálfu að gott fyllingarefni yrði notað. Hann kvaðst hafa talið grunninn það vel þjappaðan að ekki hefði verið ástæða til að taka þjöppunarpróf af fyllingunni. Nánar aðspurður segist hann ekki alveg fyrirskipa aðferðina við grunninn. Það séu verkfræðiráðgjafarnir sem eigi að gera það.

Stefndi Sigmundur P. Lárússon var múrarmeistari að grunninum og átti því að bera ábyrgð á grunngreftinum, sbr. lið 4.4.2. byggingareglugerðar nr. 292/1979.

Hann hefur þó upplýst að hann hafi ekkert komið nálægt grunninum fyrr en við úttekt hans undir sökkla. Stefnandi hefur sagt að sér vitanlega hafi ekkert samráð verið haft við Sigmund um fyllingu undir sökkla.

Það þykir sannað með matsgerðinni að gerð fyllingar undir sökkla hússins að Grundartanga 19 misheppnaðist með þeim afleiðingum að húsið hefur missigið og getur enn sigið. Þá þykir ljóst að val aðferðar við gerð grunnsins hafi verið óforsvaranlegt miðað við aðstæður og framkvæmdinni hafi auk þess verið ábótavant.

Í því sem Sigurður Guðmundsson húsasmíðameistari seldi stefnanda var „týputeikning“ gerð af Verkfræðistofu Suðurlands hf. Þar kemur fram teikning af þeim frágangi undirstöðu sem valin var. Slíkum „týputeikningum“ hlýtur að vera ætlað að eiga við á sem flestum stöðum við mismunandi aðstæður. Leiðbeiningar verða því að vera ítarlegar eða teknir fyrirvarar um ítarlegri teikningar eftir aðstæðum. Dóminum þykir á hafa skort um þetta og verði því einingahúsaframléiðandinn og verkfræðistofan í sameiningu að bera nokkra ábyrgð á tjóni stefnanda.

Hér byggist ábyrgð verkfræðistofunnar á almennu skaðabótareglunni og verður því ekki talin fyrnd.

Fram er komið að Magnús Ólafsson byggingafulltrúi, sem var stað-

kunnugur, samþykkti útfærslu undirstöðunnar, fylgdist með framkvæmdum, leiðbeindi við framkvæmdina og val fyllingarefnis, tók grunninn út undir reisningu sökklá og veitti undanþágu frá 7.1.3. gr. byggingarsamþykktar nr. 292/1979. Honum hlaut að vera ljóst að stefnandi, sem ekki var byggingafróður og sá sjálfur um framkvæmdina, byggði mjög á leiðbeiningum hans. Miðað við ríkjandi aðstæður var framkvæmdin mjög erfið. Fram er þannig komið að afskipti Magnúsar eru meiri en venjulegt eftirlit og leyfisveitingar. Samkvæmt lið 2.5. í byggingareglugerð nr. 292/1979, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1978 getur verksvið byggingafulltrúa verið mjög vítt, sbr. sérstaklega lið 2.5.15. og 2.5.16. Ósannað er að byggingafulltrúinn hafi farið út fyrir verksvið sitt. Af þessu leiðir að Mosfellshreppur þykir verða að bera hluta ábyrgðar á að val og gerð undirstöðunnar fór úr böndunum.

Stefndi Sigmundur P. Lárússon getur skv. lið 4.4.2. byggingareglugerðar nr. 292/1979 borið ábyrgð á grunngreftinum. Þar sem stefnandi hefur borið að stefndi Sigmundur hafi ekkert verið kallaður til við gerð grunnsins og ekkert samráð hafi verið við hann haft, og þess að fela má húsasmíðameistara þessi störf sbr. 4.4.1. byggingareglugerðar, þykir mega sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi, sem ekki er byggingafróður, tók að sér að standa sjálfur fyrir grunngrefti og fyllingu. Hér var vegna aðstæðna um vandasama aðgerð að ræða og ekki á færi nema fagmanna. Hann hefur lýst því að smiðir þeir er hann réð til að slá upp fyrir sökklum hafi átt þátt í því hver lausn var valin. Þessum smiðum hefur hann ekki stefnt og er þáttur þeirra annars óupplýstur. Hér í málinu ber hann sjálfur ábyrgð á ráðleggingum þeirra og störfum, þ. á m. á matslið 15. Af hér greindum ástæðum verður hann sjálfur að bera hluta ábyrgðar á tjóni sínu.

Þegar það er skoðað að þátttaka aðila í byggingunni, annarra en Sigurðar Guðmundssonar og Verkfræðistofu Suðurlands hf., er ekki samofin þykir verða að ákveða þátt hvers um sig sérstaklega.

Þegar þáttur hvers um sig er virtur þykja stefndu, Sigurður Guðmundsson og Verkfræðistofa Suðurlands hf., sameiginlega eiga að bera þriðja hluta tjónsins og sveitarsjóður Mosfellshrepps þriðja hluta þess og stefnandi sjálfur einn þriðja hluta.

Samkvæmt mati yfirmatsmanna nemur kostnaður við að styrkja undirstöðu hússins, en það telja þeir nauðsynlegt, nema kr. 670.000,00. Þetta hefur ekki verið hrakið og verður sú upphæð lögð til grundvallar.

Yfirmatsmenn meta að sú skæling sem þegar hefur orðið á húsinu verði ekki lagfærð nema að óverulegu leyti og meta verðrýrnun hússins þess vegna kr. 400.000,00.

Fjárhæð þessi hefur ekki verið hrakin og þykir því mega leggja hana til grundvallar.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða máls þessa sú að stefnandi skal bera sjálfur þriðja hluta tjóns síns eða kr. 356.666,00. Stefndu, Sigurður Guðmundsson og Verkfræðistofa Suðurlands hf., skulu sameiginlega bera þriðja hluta eða kr. 356.666,00 og stefndi, sveitarsjóður Mosfellshrepps, skal bera þriðja hluta tjóns stefnanda eða kr. 356.666,00.

Vaxtakröfu stefnanda er ekki mótmælt og er hún tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að dæmdir greiði stefnanda málskostnað að jöfnu. Málskostnaður þ.m.t. matskostnaður þykir hæfilega metinn á kr. 215.000,00. Sigmundur P. Lárusson skal bera málskostnað sinn sjálfur.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara og Stefáni Hermannssyni verkfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi Sigmundur P. Lárusson skal sýkn af kröfum stefnanda, Hjörvars Óla Björgvinssonar, í máli þessu. Hann skal bera málskostnað sinn sjálfur.

Stefndu Sigurður Guðmundsson og Verkfræðistofa Suðurlands hf. greiði stefnanda, Hjörvari Óla Björgvinssyni, in solidum kr. 356.666,00 með dómvöxtum frá 17.12. 1985 til greiðsludags og kr. 107.500,00 í málskostnað.

Stefndi sveitarsjóður Mosfellshrepps greiði stefnanda, Hjörvari Óla Björgvinssyni, kr. 356.666,00 með dómvöxtum frá 17.12. 1985 til greiðsludags og kr. 107.500,00 í málskostnað.